

um það væri búið. Verður því að lita svo á, að úr þetta hafi verið haldið slíkum galla, að stefnandi sé rétt að rifta kaupunum og endurheimta kaupverðið, kr. 1085.00, með vöxtum eins og krafizt var. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi eigi leitt rök að bótakröfu sinni, kr. 100.00, og verður hún því eigi til greina tekin. Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða stefnandi málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Kornelíus Jónsson, greiði stefnandi, Sigurlaugu Sigurðardóttur, kr. 1085.00 með 6% ársvöxtum frá 20. nóvember 1952 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1955.

Nr. 80/1954. X (Magnús Thorlacius)

og

Y (Egill Sigurgeirsson)

gegn

K (Ólafur Þorgrímsson)

og

Y (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Z (Enginn).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Línal prófessor.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

X hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi og áfrýjað málinu með stefnu 25. maí 1954. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa. Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varakrafa. Að hann verði sýknaður af kröfum stefndu.

Prautavarakrafa. Að úrslit málsins, að því er hann varðar, verði látin velta á synjunareiði hans.

Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Y hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1954. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa. Að hann verði sýknaður af kröfum stefndu.

Varakrafa. Að úrslit málsins, að því er hann varðar, verði látin velta á synjunareiði hans.

Prautavarakrafa. Að áfrýjendum og stefnda, Z, verði öllum eða tveimur þeirra in solidum dæmt að greiða meðlag með barni stefndu, fæðingarstyrk til stefndu og tryggingariðgjald hennar árið 1953.

Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu, ef aðalkrafa eða varakrafa hans verður tekin til greina, en ella krefst hann þess, að því er hann varðar, að málskostnaður verði eigi dæmdur.

Stefnda, K, Krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti in solidum úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Af hendi stefnda, Z, hefur enginn komið fyrir Hæstarétt, og er þó löglega stefnt.

Aðalkrafa áfrýjanda X er reist á því, að ástæða hafi verið til að beina máli þessu gegn fleiri mönnum en gert hefur verið. Það er að vísu fram komið í málinu, að stefnda hefur haft samfarir við menn, sem málssóknin tekur eigi til, en eigi er í ljós leitt, að þær samfarir hafi verið á getnaðartíma barnsins. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka nefnda kröfu til greina.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta hann, að því er varðar áfrýjendur, að öðru en því, að eiðfrestur stefndu verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eins og í héraðsdómi greinir, hafði stefndi, Z, samfarir við stefndu á getnaðartíma barnsins. Skýrslur, sem raktar eru í héraðsdómi, um, að stefnda hafi eigi orðið sáðfall, þykja eigi verða lagðar til grundvallar í máli þessu. Ber því samkvæmt 212. gr. laga nr. 85/1936 að dæma stefnda til þess in

solidum með áfrýjanda Y og, ef því verður að skipta, áfrýjanda X að greiða meðlag með barni stefndu, fæðingarstyrk til stefndu og tryggingariðgjald hennar árið 1953 með sama hætti og í héraðsdómi greinir, að því er áfrýjendur varðar.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda X fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði. Áfrýjendur greiði in solidum stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00. Stefndi greiði áfrýjanda Y málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi Y og stefndi, Z, greiði in solidum eftir úrskurði yfirvalds meðlag með barni stefndu, K, er hún ól hinn 8. marz 1953, svo og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald stefndu fyrir árið 1953.

Ef stefnda vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á lögmaeltu varnarþingi, að hún hafi á tímabilinu frá og með 22. apríl 1952 til 11. júlí s. á. haft holdlegar samfarir við áfrýjanda X, skal hann greiða in solidum með áfrýjanda Y og stefnda, Z, meðlag með barni stefndu, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald, er að framan greinir. Fallist stefnda á eiðnum, skal áfrýjandi X vera sýkn af kröfum þessum.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda X fyrir Hæstarétti, Magnúsar hæstaréttarlögmanns Thorlacius, kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjendur greiði in solidum stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

Stefndi greiði áfrýjanda Y málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1954.

Ár 1954, miðvikudaginn 14. apríl, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 3/1954: K gegn X, Y og Z. Mál þetta var dómtekið samdægurs.

Hinn 8. marz 1953 ól sóknaraðili, K, ógift, fædd 27. júlí 1937, til heimilis að Vogu við Suðurlandsbraut, hér í bæ, sveinbarn, er ekki hefur enn verið gefið nafn. Barnið fæddist á fæðingardeild Landspítalans. Segir í vottorði ljósmóður við fæðingardeildina, að barnið hafi verið 4160 gr. að þyngd, 52 cm að lengd og höfuðmál $34\frac{1}{2}$ — $36\frac{1}{2}$ cm. Sóknaraðili lýsti föður að barninu X, símvirkjanema, f. 3. maí 1933, til heimilis á Framnesvegi 57, hér í bæ. X hefur ekki viljað gangast við faðerninu. Sóknaraðili hefur því höfðað mál þetta og gert þær kröfur, að X verði dæmdur faðir barnsins, að hann verði skyldaður með úrskurði til að greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1953. Til vara er krafizt fyllingareiðs. Til þrautavara er þess krafizt, að X ásamt þeim Y og Z, öðrum eða báðum, verði solidarískt dæmdir til að greiða sóknaraðilja meðlag og barnsfararkostnað. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili X krefst aðallega sýknu, en til vara synjunareiðs og að sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðili Y krefst aðallega sýknu, til vara synjunareiðs, til frekari vara, að fallizt verði á varakröfu sóknaraðilja, og til ýtrustu vara, að varnaraðiljar, allir eða tveir þeirra, verði dæmdir til greiðslu meðlags og barnsfararkostnaðar og alls málskostnaðar.

Varnaraðili Z krefst sýknu.

Varnaraðiljarnir Y og Z voru ex officio dregnir inn í málið, sbr. 3. mgr. 211. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Varnaraðili Y er fæddur 14. júlí 1931. Er hann afgreiðslumaður að atvinnu og á heima á Garðavegi 8 í Keflavík. Varnaraðili Z er fæddur 3. ágúst 1933. Er hann bílstjóri að atvinnu. Hann á heima á Kársnesbraut 36 í Kópavogi.

Þáttur X:

Sóknaraðili skýrði frá því, er þingað var fyrst í máli þessu í júní 1953, að hún hefði kynnt varnaraðilja X í lok janúar 1952 á dansleik í Breiðfirðingabúð. Höfðu þau samfarir þá um nóttina heima hjá X á Framnesvegi 57. Eftir þetta höfðu þau nokkrum sinnum samfarir, og þá alltaf heima hjá X og þá síðast 30. maí 1952. Þá telur sóknaraðili barnið getið. Hvorugt þeirra viðhafði nokkurn tíma varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir getnað. Þau höfðu og samfarir einu sinni eftir þetta, eða síðari hluta júlímánaðar 1952. Sóknaraðili hafði á klæðum síðast fyrir barnsburð í

byrjun eða um miðjan maí 1952. Sumarið 1951 hélt hún, að sama væri uppi á teningnum. Hún dró því að fara til læknis fram í september. Læknirinn tjáði henni, að hún væri barnshafandi. Sóknaraðilja var þá farið að renna grun í það. Þann 27. september 1952 fór hún á fund X og skýrði honum frá því, að hún væri með barni. Ekki þrætti X þá fyrir að vera valdur að þunga sóknaraðilja. Lét hann orð liggja að því, að bezt væri að gefa barnið. Sóknaraðili sá ekki meira til X eftir þetta, eða ekki fyrr en skömmu áður en rannsókn hófst í máli þessu. Þá þrætti X fyrir að eiga barnið.

Í þessu fyrsta þinghaldi málsins sagði sóknaraðili, að hún hefði ekki haft samfarir við annan karlmann, eftir að hún kynntist X.

Varnaraðili X skýrði frá því, að hann hefði aðeins einu sinni haft samfarir við sóknaraðilja. Hann kynntist henni laugardagskvöldið 22. marz 1952 á dansleik í Breiðfirðingabúð. Hann hafði samfarir við hana þá um nóttina heima hjá sér. Hvorugt þeirra viðhafði ráðstafanir til að sporna við getnaði. Hann sá sóknaraðilja einu sinni um vorið og talaði þá við hana. Auk þess hitti hann hana á dansleik í Tjarnarcafé hér í bæ fyrri hluta júní eða um mánaðamótin maí—júní 1952. Skýrði X frá því, að varnaraðili Y hefði horfið af dansleik þessum með sóknaraðilja og haft samfarir við hana. Þá taldi X sig vita til þess, að Y hefði haft samfarir við hana á Hreðavatni í ágúst 1952. X vildi því ekki kannast við að vera faðir að barni sóknaraðilja.

Sóknaraðili þrætti í fyrstu fyrir kunningsskap við Y, en þar kom þó, að hún kannaðist við hann. Neitaði hún að hafa haft samfarir við hann. Verður síðar vikið nánar að þessu. Hún upplýsti hins vegar, að hún hefði haft samfarir við annan mann í febrúar 1952. Sá heitir J. Notaði hann verjur.

Sóknaraðili benti á vinkonu sína, A, sem vitni að sambandi sínu við X, veturinn og vorið 1952.

Vitni þetta skýrði frá því, að það hefði verið með sóknaraðilja, er sóknaraðili kynntist X fyrst. Var það á dansleik í Breiðfirðingabúð, ekki mjög löngu eftir nýjár. Sóknaraðili fór heim með X af dansleik þessum. Eftir þetta vissi vitnið til þess, að sóknaraðili og X hittust tvívegis í Breiðfirðingabúð þá um vorið. Fór sóknaraðili bæði skiptin heim með X. Vitnið mundi, að það fór í vist seinni hluta maí 1952. Einhvern tíma eftir að vitnið kom í vist þessa, fór það á dansleik í Breiðfirðingabúð með sóknaraðilja. Þar hittu þær X, er var drukkinn. Sóknaraðili var einnig við skál. Eftir þenna dansleik skildi vitnið við sóknaraðilja og X í miðbænum. Sóknaraðili sagði vitninu síðar, að hún hefði haft samfarir við X þá um nóttina. Vitnið sagði, að hljómsveit frá Vestmannaeyjum hefði spilað fyrir dansleik þessum. Upplýsingar fengust um það, að hljómsveit frá Vestmannaeyjum hefði spilað fyrir dansleikjum í Breiðfirðingabúð þann 5. og 6. júní 1952.

Vitni þetta hvarf til sumardvalar úr Reykjavík þann 18. júní 1952. Um haustið sagði sóknaraðili vitninu frá því, að hún væri með

barni. Taldi hún X föður barnsins, en var hvergi örugg. Hún minntist á J, sem fyrr er nefndur, en áttaði sig þó strax á því, að hann kæmi ekki til greina. Einnig velti hún fyrir sér þeim möguleika, að einhver strákur, sem hafði haft við hana samfarir um sumarið, væri faðir að barninu. Við nánari íhugun taldi hún þó, að piltur þessi kæmi ekki til greina, því að samfarir hefðu átt sér stað, eftir að barnið var getið. Vitnið vissi ekki nafn pils þessa.

Sóknaraðili var nú inntur eftir sambandi sínu við þenna mann, er A talaði um og vissi ekki nafn á. Sóknaraðili sagði pilt þenna vera kallaðan Ó. Nánari deili á honum vissi hún ekki, nema hún taldi hann vera farinn af landi brott. Þótt hún væri marginnt eftir þessum Ó, fengust engar frekari upplýsingar um hann. Sagði hún þau Ó hafi haft samfarir sumarið 1952, eftir að hún varð þunguð.

Vitnið taldi öruggt, að X væri faðir barnsins.

Leiddur var sem vitni S nokkur, skólabróðir X. Vitni þetta rak minni til þess, að það hefði verið á dansleik í Breiðfirðingabúð síðari hluta vetrar eða vorið 1952. Vitnið kynntist á þessum dansleik A þeirri, er fyrr er nefnd. Á dansleik þessum voru þau sóknaraðili og X. Eftir dansleikinn urðu þau samferða í bíl, vitnið, A, X og sóknaraðili. Annaðhvort fyrir utan hjá X eða A skildi vitnið og A við þau sóknaraðilja og X. Vitnið mundi, að nótt var björt, svo að vitnið dró þá ályktun, að þetta hefði verið í apríl eða jafnvel í maí. Vitnið hafði það á tilfinningunni, að sóknaraðili og X hefðu kynnt áður.

Varnaraðili Y og X voru góðkunningjar og iðulega saman veturinn 1951—1952. Y sagðist þenna vetur hafa séð þau saman á götu oftast en einu sinni þau sóknaraðila og X. Y og X voru saman á dansleik í Tjarnarcafé, er haldinn var laugardagskvöldið 14. júní 1952, að því er Y bezt mundi. Á dansleik þessum kynnti X sóknaraðilja fyrir Y og hvíslaði því jafnframt að honum, að hún væri mjög „tiltækileg“. Velktist Y ekki í vafa um, að X nauðþekkti sóknaraðilja. Skildist Y, að X hefði oftlega haft nán kynni af sóknaraðilja. Haustið 1952 sagði X Y frá því, að sóknaraðili kenndi honum barn, er hún gengi með. X vildi ekkert um það segja, hvort hann ætti barnið eða ekki. X taldi sóknaraðilja lausláta, og gæti hann því ekki vitað, hvort hann eða einhverjir aðrir ættu barnið, og vildi hann því í lengstu lög komast hjá því að viðurkenna faðernið.

X sagði framburð Y um þessi miklu og nán kynni sín af sóknaraðilja tilbúning. Hélt X fast við það, að hann og sóknaraðili hefðu aðeins einu sinni komið saman að líkamslost. Þá sagði hann S misminna um það, hvenær þeir voru saman á dansleiknum í Breiðfirðingabúð. Það hafi verið í marz, eins og X hafði skýrt frá. X skýrði frá því, að hann hefði aldrei sagt við sóknaraðilja, að réttast væri að gefa barnið, eins og sóknaraðili skýrði frá, heldur sagði hann, að fyrst yrði krakinn að fæðast, til þess að hann gæti vitað, hvort hann ætti barnið eða ekki.

X var þráspurður um samband sitt við sóknaraðilja. Hélt hann

fast við það, að hann hefði ekki nema einu sinni haft samfarir við hana. Hann sagðist ekki hafa verið með henni á dansleik í Breiðfirðingabúð um mánaðamótin maí—júní 1952. Á lokastigi rannsóknar máls þessa skýrði sóknaraðili frá því, að hún hefði hitt X á dansleik í Breiðfirðingabúð í ágúst 1952. Hafði sóknaraðili grafið upp vitni að því, að hún og X hefðu verið saman á dansleik þessum og orðið samferða af dansleiknum. Hafði hún farið heim með X og haft þar samfarir við hann. Síðan ók X henni heim. X viðurkenndi nú þessar samfarir. Hann sagðist ekki hafa munað eftir þeim, fyrr en hann var minntur á þær.

Þáttur Y:

Svo sem fyrr getur, skýrði X frá því, að góðkunningi sinn, varnaraðili Y, hefði haft samfarir við sóknaraðilja um mánaðamótin maí—júní 1952.

Varnaraðili Y viðurkenndi þetta mjög greiðlega, bæði í bæjarþingi Keflavíkur, þar sem hann var fyrst yfirheyrður um þetta, og síðar í bæjarþingi Reykjavíkur, er hann var nánar inntur eftir þessu. Skýrði hann frá því, að hann hefði kynnt sóknaraðilja fyrir atbeina X á dansleik í Tjarnarcafé. Taldi Y í fyrstu dansleik þenna hafa verið haldinn öndverðan júnímánuð 1952 fremur en síðari hluta maí eða um mánaðamótin maí—júní. Síðar, er hann hafði rifjað þetta betur upp, taldi hann dansleikinn hafa verið haldinn laugardagskvöldið 14. júní 1952. Á miðjum þessum dansleik brá Y sér yfir í Tjarnargötu 10, sem er þarna spölkorn frá, og hafði með sér sóknaraðilja. Y hafði þarna í Tjarnargötu 10 innhlaup í herbergi kunningja síns. Í herbergi þessu hafði Y samfarir við sóknaraðilja. Y, sem var drukkinn, notaði ekki verjur. Að samförunum loknum hurfu þau aftur á dansleikinn. Y hitti sóknaraðilja um sumarið í ágúst-byrjun á Hreðavatni, og höfðu þau þá samfarir.

Sóknaraðili vildi í fyrstu ekkert við Y kannast. Þó rak að því, að hún viðurkenndi, að hún hefði kynnt honum á dansleik í Tjarnarcafé um miðjan júlí 1952 og farið með honum heim til hans, en ekki haft við hann samfarir. Eftir að aflað hafði verið skýrslu Y um þetta atriði og sóknaraðilja kynnt skýrslan, sagði hún skýrsluna rétta. Gat hún þess, að Y hefði fellt sæði til sín. Taldi hún samfarir þessar hafa átt sér stað um miðjan júní 1952, á laugardagskvöldi, því að hún mundi, að hún tók síðasta strætisvagn heim kl. 01.00 um nóttina.

Eftir að sóknaraðilja og Y var tilkynnt, að rannsókn málsins væri lokið og mál höfðað m. a. gegn Y, brá svo við, að bæði sóknaraðili og Y báðu um framhaldsrannsókn.

Y óskaði eftir því, að yfirheyrður yrði kunningi hans, R nokkur. Hafði Y hitt R þenna sama daginn og honum var tilkynnt málshöfðunin. Kom þar niður tali þeirra, að Y sagði honum frá málshöfðuninni. R þóttist þá muna, að hér skyti skökku við hjá Y. Sagði

ist hann muna það greinilega, að hann hefði hitt Y á dansleik í Tjarnarcafé sumarið 1952, viku fyrir verzlunarmannahelgina, sem er fyrsta helgi í ágúst. R staðfesti frásögn Y fyrir dómi. Sagðist hann muna, að þetta hafi verið laugardagskvöld, viku fyrir verzlunarmannahelgina. Þeir Y töluðu um að fara upp að Hreðavatni um verzlunarmannahelgina. R staldraði stutt við á dansleiknum. Sagði hann öruggt, að hann hefði ekki nema einu sinni hitt Y á dansleik í Tjarnarcafé þetta sumar. Annað gat vitnið ekki upplýst, sem máli skipti.

Y mundi, að hann hafði hitt R á dansleik í Tjarnarcafé þetta sumar.

Til að gera langa sögu stutta skal þess getið, að dansleikur var haldinn í Tjarnarcafé laugardagana alla í júní og júlí 1952, þ. e. 7., 14, 21. og 28. júní og 5., 12., 19. og 26. júlí. Nú er það upplýst, að X, sem var á dansleik þessum með Y, er Y hafði kynnin af sóknaraðilja, var skráður á v/s Heklu þann 14. júlí 1952. Skipið lét úr höfn hér í Reykjavík þann 15. júlí. Kom það aftur til Reykjavíkur þann 22. júlí. Lét úr höfn þann 26. júlí. X var þá enn skráður á skipið.

Vætti R sýnist því haldlítið.

Sóknaraðili kom aftur fyrir dóm að eigin ósk eftir málshöfðunina og skýrði nú frá því, að hún hefði farið að rifja betur upp, hvenær hún kynntist Y fyrst. Sagði hún, að þetta hefði verið viku fyrir verzlunarmannahelgina á laugardagskvöldi, eða í hæsta lagi tveimur vikum fyrir verzlunarmannahelgina (þ. e. þá 19. eða 26. júlí). Sóknaraðili sagði, að B nokkur hefði setið til sama borðs og sóknaraðili á þessum dansleik. B kom fyrir dóm og byrjaði að skýra frá því, að sóknaraðili hefði þá fyrir skömmu komið til sín og spurt sig, hvort vitnið myndi ekki eftir því, að þær hefðu verið saman á dansleik í Tjarnarcafé sumarið 1952. Vitnið mundi eftir þessu, en ekki hvenær sumarsins. Sóknaraðili vildi þá fá vitnið til að skýra frá því fyrir rétti, að þetta hefði verið hálfum mánuði fyrir verzlunarmannahelgina. Vitnið mundi alls ekki, hvenær þetta var. Vitnið taldi þó öruggt, að dansleikur þessi hefði verið haldinn að minnsta kosti mánuði áður en það hóf störf í verzlun einni hér í bænum, og áreiðanlega eftir að vitnið hætti störfum á barnaheimilinu Barónsborg, hér í bæ. Það fékkst upplýst, að vitnið hafði unnið í Barónsborg mánuðina maí—ágúst 1952, og vitnið hóf vinnu í fyrrnefndri verzlun þann 9. október 1952.

Vætti B sýnist því næsta haldlítið.

Þess skal getið, að sóknaraðili sagðist aðeins hafa spurt B að því, hvort hún myndi ekki, að þær hefðu verið saman á þessum dansleik hálfum mánuði fyrir verzlunarmannahelgina, en ekki beinlínis beðið hana að skýra frá því fyrir rétti.

Páttur Z:

Vitnið A, er áður er nefnd, skýrði frá því, að varnaraðili Z myndi hafa haft nán kynni af sóknaraðilja vorið 1952, líklega í maí eða júní. Sóknaraðili viðurkenndi, að Z hefði haft samfarir við sig í húsi við Eiríksgötu, hér í bæ, einhvern tíma í júní 1952. Z notaði ekki verjur. Honum varð ekki sáðfall, svo að sóknaraðili taldi útilokað, að hann væri faðir að barninu. Z kannaðist við að hafa haft samfarir við sóknaraðilja í júlí, en ekki í júní. Hann notaði ekki verjur. Honum varð ekki sáðfall. Sóknaraðili bað Z að hætta samförunum, áður en hann var búinn. Lét Z að vilja hennar, en var mjög gramur. Sagði hann kunningja sinn, Æ, hafa verið þarna samtímis, með A þeirri, sem áður hefur verið minnzt á.

Æ mundi eftir þessu, en ekki hvenær sumarsins þetta var. Mundi Æ, að Z hafði orð á því, að honum hefði ekki orðið sáðfall og fannst það afleitt. Þá mundi Æ, að sóknaraðili spurði Z hvað eftir annað, hvort hann væri ekki búinn, en aldrei varð Z búinn.

A rámaði eitthvað óljóst í það, að sóknaraðili hefði beðið Z að hætta og hann gert það, áður en hann var búinn.

Z skýrði frá því, að H nokkur, kunningi sinn, hefði verið með sóknaraðilja vorið 1952. Sagði hann, að H hefði sagt sér, að hann væri ekki alveg grunlaus um, að hann gæti átt barnið með sóknaraðilja.

H skýrði frá því, að þetta hafi verið gamantal sitt við Z. Voru þau H og sóknaraðili sammála um, að þau hefðu haft samfarir síðast í marz eða byrjun apríl 1952 og að hann hefði alltaf notað verjur. Hann var því eigi dreginn inn í mál þetta.

J sá, sem fyrr er nefndur, skýrði frá því, að hann hefði nokkrum sinnum haft samfarir við sóknaraðilja veturinn 1951—1952. Hann notaði alltaf verjur. Síðast hafði hann samfarir við hana í marzmánuði. Sem fyrr er skýrt frá, taldi sóknaraðili, að þau J hefðu síðast haft samfarir í febrúarmánuði 1952. J var því ekki dreginn inn í mál þetta. J skýrði frá því, að sóknaraðili hefði hitt sig að máli sumarið 1952 og sagt sér, að hún væri líklega ekki kona einsömul. Spurði hún, hvort þau hefðu ekki haft samfarir í júní 1952, því að hún teldi barnið getið þá, að því er J skildist. Hann sagði sem var, að þau hefðu ekki haft samfarir í júní. Sóknaraðili sagði J herma rétt frá samtali þeirra. Áður hefur verið skýrt frá því, að vitnið A hafi getið þess, að sóknaraðili hafi haustið 1952 sagt vitninu, að hún vissi ekki, hver ætti barnið. Sóknaraðili sagðist hafa sagt þetta við A að gamni sínu.

Aðiljum máls þessa og barni sóknaraðilja var tekið blóð til blóð-flokkarannsóknar. Niðurstaðan varð sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Sóknaraðili	O	MN	+	+	÷	÷
Barnið	O	N	+	+	÷	÷
Y	B	MN	+	+	÷	÷
Z	O	MN	+	+	÷	+
X	O	MN	+	+	÷	+

Samkvæmt þessari niðurstöðu er ekki unnt samkvæmt upplýsingum prófessors Niels Dungals að útiloka varnaraðiljana frá faðerninu.

Óskað var álits borgarlæknis um það, hvenær barnið gæti verið komið undir. Segir svo í bréfi borgarlæknis, dags. 14. september 1953:

„...Í fæðingarvottorði ljósmóðurinnar, dags. 10. 6. 1953, er þess ekki getið sérstaklega, að barnið hafi verið fullburða við fæðingu, en lengd þess og þyngd við fæðingu benda eindregið til, að svo hafi verið.

Venjulegur meðgöngutími fullburða barns er 270 dagar, en getur verið misjafnlega langur, frá 240 til 320 dagar.

Mestar líkur eru því til, að barnið sé getið um 11. júní 1952, en möguleikar eru þó á, að það hafi komið undir einhvern tíma á tíma-bílinu 22. apríl til 11. júlí sama ár..“

Þar eð fram hefur komið í málinu, að fleiri hafi haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barnsins, verður enginn dæmdur faðir, sbr. 212. gr. laga nr. 85/1936.

Eins og fram kemur í þætti Z hér að framan, var vitnið A viðstödd samfarir þeirra Z og sóknaraðilja. Þetta ásamt frásögn sóknaraðilja þykir sanna það, að samfarir þessar hafi átt sér stað í júní 1952, en ekki júlí, eins og Z hefur viljað halda fram, því að A fór úr bænum þann 18. júní 1952.

Sóknaraðili og Z eru sammála um það, að hann hafi, að beiðni sóknaraðilja, hætt samförunum, án þess að honum yrði sáðfall. Æ, sem fyrr er nefndur, var viðstaddur, svo og A. Æ vottar þetta með þeim. A rámaði einnig í þetta. Samkvæmt þessu má því sannað telja, að Z hafi ekki orðið sáðfall og því útilokað, að hann geti verið faðir að barninu. Ber því að sýkna hann í máli þessu.

Varnaraðili Y viðurkenndi að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á líklegasta getnaðartíma barnsins. Sóknaraðili taldi rétt skýrt frá um tímann, eftir að hún viðurkenndi samfarirnar við Y. Y hafði komið að þessari niðurstöðu með tímann, eftir vandlega yfirvegun, að því er séð verður. Sóknaraðili hafði að vísu breytt framburði sínum um tímann og vitnaði í B máli sínu til stuðnings, en sem þegar hefur verið sýnt fram á, reyndist vætti B haldlaust. Tæma-ákvörðun Y fær og nokkurn stuðning í framburði X, sem þegar hefur verið rakið. Y breytti aldrei fyrri framburði sínum, þótt hann óskaði framhaldsrannsóknar vegna upplýsinga R, sem reyndust haldlausar, eins og þegar hefur verið getið. Að þessu öllu athuguðu þykir nægilega sannað, að Y hafi haft fullkomnar samfarir við sóknaraðilja á líklegasta getnaðartíma barnsins. Verður því niðurstaða máls þessa, að því er Y varðar, sú, að hann verður dæmdur til að greiða meðlag með barni sóknaraðilja frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1953, svo og málskostnað, sbr. nánar hér á eftir.

X hefur ekki viljað viðurkenna, að hann hafi haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barnsins. Hann hélt fast við það lengi

vel undir rannsókn málsins, að hann hefði aðeins einu sinni haft samfarir við sóknaraðilja, en varð þó að viðurkenna það, að hann hefði haft samfarir við hana í ágúst 1952. Þá hélt X fast við það, að hann hefði ekki verið á dansleikjum með sóknaraðilja vorið 1952, nema í Tjarnarcafé, sem áður er lýst.

Sóknaraðili hefur haldið fast við það, að X hefði haft samfarir við sig á getnaðartíma barnsins. Það stendur því staðhæfing gegn staðhæfingu og því ósannað, að X hafi haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barnsins. Málið að þessu leyti verður því að velta á eiði annars hvors þeirra, sóknaraðilja eða X, sbr. 1. mgr. 213. gr. laga nr. 85/1936.

Af gögnum málsins er það ljóst, að margt hefur fram komið, er horfir til styrktar framburði sóknaraðilja um náin kynni hennar og X á getnaðartíma barnsins. Er þar fyrst að taka vætti A, vætti S um, að það hafi verið björt nótt, er hann var á dansleiknum í Breiðfirðingabúð með X og sóknaraðilja, framburður Y svo og síðkomin viðurkenning á því, að hann hafi haft samfarir við sóknaraðilja í ágúst 1952. Þegar litið er til alls þessa, þá verður að telja málstað sóknaraðilja líklegri. Að vísu hefur sóknaraðili undir rannsókn málsins viljað draga fjöður yfir fjöllyndi sitt og reynzt reikul í framburði sínum um samband sitt við Y. Þrátt fyrir þetta þykir hún ekki hafa eyðilagt eiðhæfi sitt. Að þessu öllu athuguðu ber því að láta úrslit málsins að þessu leyti velta á fyllingareiði sóknaraðilja, þannig að vinni hún eið að því á lögmæltu varnarþingi og eftir löglegan undirbúning innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá 22. apríl 1952 til 11. júlí sama ár haft holdlegar samfarir við X, þá skal hann skyldur til að greiða in solidum með Y meðlag með barni sóknaraðilja, svo og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja árið 1953, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds.

Vegna máls þessa hefur sakadómaraembættið lagt út kr. 475.00. Ríkissjóður ábyrgist þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Ólafs Þorgrímssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Vinni sóknaraðili fyrrnefndan eið, ber að dæma X til að greiða in solidum með Y sóknaraðilja kr. 1475.00, er renni í ríkissjóð.

Fallist sóknaraðili á eiðnum, á X að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún þá X kr. 700.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Varnaraðili Y greiði meðlag með barni því, er sóknaraðili, K, ól þann 8. marz 1953, svo og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald barnsmóður fyrir árið 1953, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Varnaraðili Y greiði sóknaraðilja kr. 1475.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð. Þar með teljast málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Ólafs Þorgrímssonar hrl., að upphæð kr. 1000.00.

Vinni sóknaraðili innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir lögmætan undirbúning eið að því á lögmæltu varnarþingi, að hún hafi á tímabilinu frá og með 22. apríl 1952 til 11. júlí sama ár haft holdlegar samfarir við varnaraðilja X, skal hann þá greiða in solidum með Y meðlag með barni sóknaraðilja, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald barnsmóður fyrir árið 1953, allt eftir yfirvaldsúrskurði, svo og málskostnað samkvæmt því, sem að framan greinir.

Fallist sóknaraðili á eiðnum, skal varnaraðili X vera sýkn af kröfum hennar í málinu, enda greiði sóknaraðili þá honum kr. 700.00 í málskostnað.

Varnaraðili Z skal vera sýkn í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 24. maí 1955.

Nr. 53/1954. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn

Edward William Norton (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Forstjóri Landhelgisgæzlunnar hefur markað á sérteiknaðan sjóupprátt staði, merktu a, b og c, sem mældir voru yfir togara ákærða milli kl. 1251—1300 hinn 31. marz 1954, og reyndust þeir vera innan fiskveiðitakmarkanna, svo sem nú skal sagt:

- 1) Staður, merktur a, 2.4 sm.
- 2) Staður, merktur b, 2.3 sm.
- 3) Staður, merktur c, 1.9 sm.

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur farið yfir þessar afmarkanir Landhelgisgæzlunnar og lýsir þær réttar.

Staður togara ákærða, merktur a, sem fundinn er með miðun og hornamælingu, kemur vel heim við stað, merktan b, sem fundinn er með miðun og mælingu á fjarlægð frá Öndverðarnesvita. Staður, merktur c, er að vísu eigi eins öruggur